



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir), 625. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint stjórnarfrumvarp.

Í frumvarpinu er lagðar til þrjár breytingar á lögnum, að auðvelda launagreiðendum að standa við skuldbindingar sínar, með útgáfu skuldabréfa, gagnvart lífeyrissjóðum sem njóta bakabyrgðar ríkis eða sveitarfélaga, að rýmka tímabundið heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í samlagsfélögum úr 15% í 20% af hlutafé og að hækka tímabundið heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði úr 20% í 25%. Tímabundin rýmkun heimildanna stafar af því að fyrirhuguð er heildarendurskoðun á ákvæðum laganna um fjárfestingarheimildir.

Rýmkun á fjárfestingarheimildum er brýnt hagsmunamál fyrir hagsmuni lífeyrissjóðanna við ríkjandi aðstæður gjaldeyrishafta og takmarkaðs framboðs á skráðum fjárfestingarkostum. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er 100-130 milljarðar króna á ári og nægilegir fjárfestingarkostir með ásættanlegri ávöxtun sem rúmast innan núgildandi heimilda eru ekki í boði. Skorturinn á fjárfestingarkostum lýsir sér best í því að bankainnstæður lífeyrissjóðanna námu 65 milljörðum króna í árslok 2011 en ávöxtun þess fjár er fjarri því að geta staðið undir lífeyrislofordum sem byggja á 3,5% árlegri raunávöxtun.

Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson